

Auður Capital fær starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki

Auður Capital hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins sem verðbréfafyrirtæki. Starfsleyfi Auðar Capital tekur til viðskipta og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti sem felst í eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf, eftir því sem segir í tilkynningu frá félaginu. „Auður Capital býður fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar og fyrirtækjaráðgjafar auk þess að stýra fag-fjárfestastjóðum (e.Private Equity). Auður leggur áherslu á óháða fjármálaráðgjöf, áhættumeðvitund og samfélagslega ábyrgð. Auður hefur gert samstarfssamninga við öll helstu fjármálafyrirtæki landsins sem og öflug alþjóðleg fjármálafyrirtæki og býður því mikið úrval fjárfestingakosta,“ segir í tilkynningu frá félaginu. Auður Capital var stofnað af þeim Höllu Tómasdóttur, starfandi stjórnarformanni félagsins, og Kristínu Pétursdóttur forstjóra. Fyrirtækið er í meirihlutaeigu stofnenda, starfsmanna og athafnakvenna.

